

Málverkið mannlegt og djúpt

● Bók kemur út með röð málverka eftir Erlu S. Haraldsdóttur, sem sýnd voru nýverið í Listasafninu í Kalmar ● Verkin gerð eftir fyrirmælum sem aðrir listamenn, og Erla sjálf, gefa henni um efni þeirra

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is

Á dögunum lauk í Listasafni Kalmar í Svíþjóð sýningu Erlu S. Haraldsdóttur myndlistarkonu á stórum figúratífum málverkum. Á morgun gefur bókaútgáfan Crymogea út bók hennar, *Make a Painting of Trees Growing in a Forest*, um verkin á sýningunni.

„Ég fékk hugmyndina að þessari bók þegar ég vann að þeirri síðustu, *Difficulty of Freedom – Freedom of Difficulty* sem Crymogea og Listaháskólinn í Umeå gáfu út í fyrra,“ segir Erla. Sú bók byggist á samstarfi þar sem myndlistarmenn og listnemendur gefa hver öðrum verkefni og lesandinn sér bæði fyrirmælin og útkomuna. „Þessi nýja bók er líka undir áhrifum af franska bókmenntahópnum Oulipo sem í voru rithöfundar á borð við Italo Calvino og Georges Perec sem skrifaði til að mynda heila bók án þess að nota bókstafinn E. Ég hreifist fyrst af slíkri nálgun í sköpunarferlinu fyrir um tuttugu árum og hef síðan af og til notað svona aðferðir í minni myndlist,“ segir hún.

Röð verka út frá Hokusai

Erla nam myndlist á sínum tíma við Konunglega listaháskólann í Stokkhólmi, Listaháskólann í Valand í Gautaborg og San Francisco Art Institute og hafa verk hennar verið sýnd víða um lönd í söfnum og sýningarsölum. Hún býr og starfar í Berlín. Málverkin í nýju bókinni urðu ýmist til út frá fyrirmælum sem hún fékk frá öðrum listamönnum eða sjálfri sér um efni þeirra. Hvers vegna?

„Mér finnst afar erfiitt að komast inn í skapandi vinnuferli, í flæði eins og listamönnum á að finnst eftirsóknarvert; manni fallast auðveldlega hendur frammi fyrir hugmyndum um að það sem maður skapar eigi að vera alveg frábært,“ segir hún og hlær. „En til að komast



Morgunblaðið/Gelli

Listakonan „Ég vissi ekkert hvað ég ætti að mála,“ segir Erla S. Haraldsdóttir um glímu listamannsins.

inn í slíkt skapandi flæði hef ég beitt ýmsum aðferðum. Í þessu verkefni lét ég aðra listamenn gefa mér fyrirmæli og verkefni að mála – eða gaf mér þau sjálf. Við að lesa þau koma fyrst orð upp í hugann, ég fer að skoða og taka ljósmyndir og teikna og loks tekst mér að koma hugmyndunum í málverk.“

Þegar spurt er hvernig þessi fyrirmæli geta verið segir hún eina spurninguna hafa verið „Hvað eru englar og hvaðan koma þeir?“

„Viðfangsefni málverkanna í bókinni eru mismunandi en þau eru býsna há, 90 x 200 cm. Formið kemur frá japanska tréristu-meistararum Hokusai. Hann gerði röð myndna af fossum, sem allar eru í þessu formati. Verkefnið sem mér

var falið að vinna út frá hjómarsvona: „Láttu tréristu Hokusai, Li Po dást að fossinum við Lo Shan, hafa áhrif á þig. Og gerðu olímálverk sem er 90 x 200 cm að stærð. Gerðu fjögur verk af þessari stærð og byggðu þau á stöðum sem þú hefur komið á og dást að.“ Út frá þessu kom röð verka. Eitt sýnir dyravörð í fordyri, annað er gangur í kastala með uppstoppuðum hausum veiðidýra, þá Seljalandsfoss og torfbær.“

Aftur virðing fyrir handverki

Um tíma vann Erla talsvert með ljósmyndasamklipp, teiknimyndir og teikningar en er málverkið alveg komið í forgrunninn hjá henni núna?

„Grunnur minn er í málverki. Ég var í málaraeild í Stokkhólmi og málaði þar til á síðasta árinu en þá voru allir í kringum mig farnir að gera vídeóverk, performansa og innsetningar. Mér leiddist að vera ein í vinnustofunni og vildi fást við það líka! Þá var mikið rætt um að málverkið væri dautt og ég vissi ekkert hvað ég ætti að mála. Á þessum tíma fannst mér að það ætti ekki eftir að mála neitt! Þá fór ég meðal annars að gera ljósmyndasamklipp, teiknimyndaverk og slíkt. En það togaði alltaf í mig að fara að mála aftur. Ég ákvað að helga mig aftur þessum miðli; ég hafði saknað málverkans. Og það tók nokkrun tíma að komast inn í það aftur.“

Er þú heldur ákveðnum performansþætti í því með fyrirmælunum?

„Já, það er satt. Og mér finnst eins og afstaðan sé breytt, til dæmis að nú sér aftur borin virðing fyrir handverkinu. Myndflæðið skellur nú á okkur alls staðar að, upplýsingarnar eru á netinu og ekkert mál að taka myndir og horfa á þær, en að mála tekur langan tíma og maður þarf að einbeita sér og vera út af fyrir sig. Það þarf að gefa ferlinu gríðarlega athygli og langan tíma, enda eru engar tvær pensilstrukur eins,“ segir hún af sannfæringu.



Fyrirmælaverk Þrjú af hinum stóru málverkum Erlu á sýningunni í Kalmar.